

Minnisblað

Dagsetning: 19. desember 2023

Viðtakandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023; Mat á þéttleika hagamúsa á Norðausturlandi

Haustið 2023 hóf Náttúrustofa Norðausturlands langtímavöktun á þéttleika hagamúsa á Norðausturlandi. Verkefnið byrjaði með frumathugun haustið 2023 og vettvangsvinna fór fram dagana 3.- 8. október. Rán Þórarinsdóttir, Snæþór Aðalsteinsson og Víktor Freyr Aðalsteinsson sáu um athuganir. Til stóð að lífveiða hagamýs að hausti til í birkiskógvist á Melrakkaslétu og meta breytingar sem verða á þéttleika hagamúsa milli ára. Í samráði við Guðnýju Völu og Ester Rut Unnsteinsdóttir var ákveðið að sökum skorts á aðgengilegri birkiskógarvistgerð á Melrakkaslétu, færi vöktunin fram í mólendisvistgerð sem er ríkjandi vistgerð á þessu svæði. Jörðin Rif á Melrakkaslétu er ríkisjörð í umsjón Rannsóknarstöðvarinnar Rifs sem er undir stjórn Náttúrustofu Norðausturlands. Lá vel við að reyna athuganir á þessu svæði.



1. mynd. Rannsóknarsvæði hagamúsavöktunar í landi Rifs á Melrakkaslétu

Framkvæmd 2023

Vettvangsvinna 2023 byrjaði með að prufukeyra athugunarsvæði og aðferðafræðina. Stuðst var alfarið við aðferðahandbók Esterar Rutar Unnsteinsdóttur og Fríðu Jóhannesdóttur.

Á Rifi fara einnig fram mófuglaathuganir á vegum stofunnar og þar er veðurstöð sem gefur ítarleg gögn um veður og gróðurstuðul. Hvorutveggja nýtist óbeint við athuganir á hagamúsum.


Reynt var að hafa svæðið ekki of langt frá færum vegum til að aðgengi gæti talist gott en jafnframt að vera ekki of nálægt umferðarvegum til að hafa áhrif á þéttleika. Óráðlegt þótti að vera nálægt ræktuðu landi, útihúsum eða yfir höfuð manngerðri starfsemi af sömu ástæðum. Lítil búfjárbætur er talin vera á



svæðinu og engar framkvæmdir eða manngerðar breytingar eru á dagskrá í fyrirsjáanlegri framtíð. Einnig var reynt að velja svæði sem væri að mestu fullgróið.

Lagðar voru út hundrað lífgildir innan skilgreindrar mólendisvistgerðar. Gildir voru lagðar út með 30 metra millibili í samræmi við handbók um vöktun hagamúsa. Í hverri línu voru 10 gildir og á milli lína voru einnig 30 metrar svo svæðið með útlögðum gildrum myndaði fering. Staðsetning gilda var ákveðin út frá GPS staðsetningum og reknir niður hælur sem ætlað er að standa milli ára svo hægt sé að leggja gildir niður á sama punkti á hverju ári. Í lífgildurnar var sett ull og fóður til að dvöl í gildrum hefði sem minnst áhrif á lífslíkur músa sem þar dvöldu. Gildir voru allar lagðar út á fyrsta athugunardegi. Næstu fimm daga var vitjað um þær. Ef gilda var lokuð mátti vænta að þar væri mús og þá stóð til að merkja þær, vigta og kyngreina auk þess sem mælingar yrðu gerðar til að meta stærð þeirra óháð þyngd.

Vettvangsathugun fór fram að hausti þegar fjöldi músa er almennt mestur. Lífveiðar hagamúsa eru ekki sérlega veðurháðar en þó er æskilegt að veiðar fari ekki fram eftir næturfrost þar sem slíkt hefur neikvæð áhrif á ferðir músa. Glugginn sem horft er til við tímasetningu vettvangsathugana er því seinni hluti september og fram í fyrstu vikuna í október.



1. mynd. Athugunarsvæði hagamúsavöktunar í landi Rífi á Melrakkaslétta.

Niðurstöður

Vel gekk að setja niður gildir og vitja um þær. Svæðið var þægilegt yfirferðar og aðgengilegt þó það væri nokkuð langt frá aðalsstarfstöð Náttúrustofunnar í Húsavík. Helstu niðurstöður voru þær að engin mús veiddist á þeim fimm dögum sem vitjað var um gildir. Ein ógreind mús sást á þjóðvegi á leið frá Rífi að Raufarhöfn í ljósum frá bíl. Hvergi annarsstaðar á landinu var veiði eins lítil. Niðurstöður eru forvitnilegar en vekja upp þær spurningar hvort ekki verði að velja annað athugunarsvæði á næsta ári. Ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður úr þessari athugun yfir á önnur svæði Melrakkaslétta eða yfir á



önnur landsvæði. Allt eins líklegt er að athugunarsvæðið hafi einfaldlega ekki hentað sem búsvæði fyrir hagamýs.

Ekki er hægt að slá neinu föstu um ástæður lélegrar veiði. Þéttleiki hagamúsa í mólendi er ekki almennt þekktur og getur verið lægri en almennt gerist í skógvistgerðum. Ekki er óhugsandi að mýs vilji meiri halla og meiri jarðvegsdýpt fyrir holur sínar. Til greina kemur að velja annað svæði á Melrakkasléttu innan mólendisvistgerðar sem þá væri ósléttara með fleiri holt og hæðir og með dýpri jarðveg. Einnig kæmi til greina að færa vöktunina yfir í birkiskógvist og þá á öðru náttúruminjasvæði á Norðausturlandi eða svæði sem er í tillögum Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-lista náttúruminjaskrár.

Gögn úr vettvangsathugunum verða slegin inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands ef og þegar gert er ráð fyrir því að setja gögn úr mýsaathugunum þar inn. Staðsetning athugunarsvæðis og gildrustæða verður sett inn í landupplýsingakerfið Q-gis.